

ATHUGANIR Á NEYZLUVATNI FYRIR HVOLSVÖLL

eftir

Einar Gunnlaugsson
Gest Gíslason
Kristján Sæmundsson

Athuganir á neyzluvatni
fyrir Hvolsvöll.

10.1.1974.

E.G./G.G./K.S./sv

Að ósk oddvita Hvolhrepps sá jarðhitadeild um athugun á möguleikum til neyzluvatnsöflunar fyrir Hvolsvöll.

Þessari athugun er nú lokið og greinir í þessari skýrslu frá niðurstöðum. Var bæði athugað um borun og öflun neyzluvatns úr náttúrlegum uppsprettum.

Gerð jarðlaga.

Berggrunnur í hæðunum ofan við Hvolsvöll er úr móbergi, jökulvatnaseti og kubbabergshraunlögum. Segulstefna laganna er rétt og eru þau sennilega mynduð á Brunhes segulskeiðinu og tilheyra móbergsmynduninni eins og hún er skilgreind í jarðfræði Þorleifs Einarssonar. Þessi jarðmyndun er ópétt og heldur illa vatni, nema móbergið og jökulvatnasetið, sem veldur því að uppsprettur koma viða fram á lagamótum, Þær eru þó flestar smáar og sjást óvíða nema vestan til í hálsunum, því að austar verður móbergið einrátt á kafla. Yngri jarðmyndanir í kringum Hvolsvöll eru sandar, sem þekja allt sléttlendið umhverfis þorpið. Sandarnir eru myndaðir af framburði jökulvatna í lok ísaldar, þegar sjór stóð hærra en nú. Söndunum hallar til suðvesturs. Þeir eru gerðir úr grófum malar- og sandlögum, sem eru hinn ákjósanlegasti vatnsleiðari. Eystri Rangá hefur skorið sig niður í sandana og sést þar að þykkt þeirra er um 20 m. Sprettu þar viða fram vatnsmiklar uppsprettur undan þeim. Neðan við malar- og sandlögin eru væntanlega þéttari mélu- og leirlög. Slik lög komu fram í bórholum á Hvolsvelli. Yngstu jarðög svæðisins, sem þýðingu hafa sem grunnvatnsmiðlari eru hraunin milli Árgilsstaða og Keldna. Undan þeim koma viða fram vatnsmiklar uppsprettur.

Um vatnsöflun úr náttúrlegum uppsprettum.

1. Hvolsvöllur fær nú neyzluvatn úr lindum vestan í Iraheiði. Nokkrar fleiri lindir eru þar norðaustar, en litlar og dreifðar. Stærst er sú, sem býlið á Kotvöllum notar. Suðvestan í Núpnum eru nokkrar smáar uppsprettur, ein þeirra var lengi notuð fyrir bæinn Þórunúp, en því var hætt og vatn sótt í stærri lind suðaustan í Núpnum. Litið umfram vatn er að sjá í þeirri lind.

Ofan við Núpinn er lágt skarð, en síðan taka aftur við hæðadrög. Vestan í þeim spretta upp þrír lækir í lindum ofarlega í hæðunum. Sá syðsti er stærstur og var rennslið í honum áætlað um 6 l/sek. Uppspretturnar eru 4 og um 50 m á milli þeirrar efstu og þeirrar neðstu, vatnsmagn í hverri var áætlað um 1-2 l/sek.

Norðar eru 3 uppsprettur, sem fæða hina two lækina og eru um 400 m í þá fjærstu frá uppsprettum syðsta lækjarins. Hver þessara linda gefur um 1 l/sek.

Vatnsleiðsluna í Iraheiði mætti lengja um 150 m upp í hæðirnar norðan við Núpinn og fá viðbótarvatn, sem næmi um 10 l/sek. Vatnið í lindunum kann að minnka nokkuð í langvarandi frostum og þurrkum frá því sem það var nú 22. maí, og er naumast ráðlegt að leggja út í virkjun þeirra, nema að undangengnum rennslismælingum, sem ná yfir nokkurt tímabil.

2. Neðarlega í brekkurótunum sunnan við Merkigarð eru uppsprettur. Þær voru ekki athugaðar nánar en að sögn bónadans í Merkigarði jafnast þær á við stærstu lindirnar í fjallinu. Sumar þeirra sjást illa þar sem landið hefur verið ræst fram að nokkru leyti. Nægur vatnshalli virðist vera frá þessum lindum niður að Hvolsvelli. Hætta er á íblöndun mýravatns og mengun frá ræktun vegna þess hve lágt lindirnar liggja.

3. Meðfram Þórunúpsgili fundust engar lindir, sem gagn væri í utan efst þar sem heita Rjúpnabotnar. Sunnan gilsins í brekkurótum Sléttafells spretta fram á 3 stöðum lindir og var rennsli þeirra áætlað samtals um 10 l/sek. Þar sem ekkert vatn er að hafa á leiðinni niður fyrir Þórunúp er naumast hægt að mæla með vatnslögn þangað inneftir.

4. Sunnan í Fljótshlíðinni koma fram smálindir á nokkrum stöðum, en þær gera ekki meira en að gagna bæjunum. Við Flókastaðagil eru engar uppsprettur. Gilið fær vatn frá mýrlendi milli hæðadraka. Landið upp með Torfastaðagróf og Kvoslækjará var ekki athugað.

5. Vatnsmiklar uppsprettur koma fram undan sandbakka á Skollatanga hjá Eystri-Rangá á móts við Hofsbæina. Uppsprettturnar eru þrjár og landið í kring mjög flatt og blautt. Erfitt er að áætla rennslið en líklega nemur það alls um 30 l/sek. Rafmagnslína liggur yfir lindasvæðið. Sjálfrennsli fæst ekki niður á Hvolsvöll og þyrfti að dæla vatninu þangað, ef hugsað væri til að nýta það.

Vatn úr þessum uppsprettum hefur verið efnagreint (tafla 1) og sýna niðurstöður hennar, að vatnið er vel neyzluhæft. Hitastig kalsítmettunar ($^{\circ}\text{C}_{\text{CaCO}_3}$) segir til um við hvaða hitastig kalsít (kalksteinn) fellur út úr vatninu. Efna greiningin sýnir, að mettunin yrði við 35°C , sem væri til baga. Þetta lága mettunarhitastig orsakast aðallega af miklu CO_2 -magni samfara háu sýrustigi (pH). Gróður getur hækkað CO_2 -magnið í vatninu og er viðbúið, að þess gæti í sýninu, þar sem landið við uppsprettturnar er mjög gróið. Það skal tekið fram, að gerlarannsóknir fara ekki fram á Orkustofnun, en talið er ólíklegt, að vatnið sé spillt af þeim sökum, ef vel er gengið frá vatnsbóli, og það vel friðað.

6. Vatnsmiklar uppsprettur eru loks í hrauntungu neðan við Keldur. Þær voru ekki skoðaðar, en nægur halli virðist vera frá þeim niður á Hvolsvöll, ef áhugi væri á að leiða vatn þaðan. Erfiðasti tálminn á þeirri leið væri hraunið sjálft og svo Fiská, sem leiðsla þyrfti að fara yfir.

Borun.

Svo sem fyrr segir þekja sandar allt sléttlendið fyrir sunnan og vestan Hvolsvöll. Slikar jarðmyndanir eru yfirleitt góðir vatnsleiðarar, og því oft auðvelt að afla vatns með borun í þær. Hins vegar hagar svo til, að sandarnir eru mjög hallalitlir, og því hætt við, að rennsli grunnvatns verði mjög hægt í átt til sjávar. Af því leiðir, að vatnið endurnýjast mjög hægt. Mikill hluti þess vatns, sem geymist í söndunum, hefur fallið sem regn á láglendið og sigið niður í gegnum jarðveginn niður í grunnvatnið. Þess vegna eru miklar líkur á því, að vatnið verði járnrikt, sem gerir það óneyzluhæft. Þetta kemur fram á því vatni, sem fæst úr borholunum við frystihúsið á Hvolsvelli, en það vatn er ónothæft til neyzlu vegna þess, hve það er járnrikt ("leirblandað"). Jármengun sem þessi er viða nokkuð vandamál í lágsveitum á Suðurlandsundirlendinu.

Vatnið er óspilt af öðrum efnum (tafla 1).

Uppsprettan við Eystri-Rangá kemur undan sandlögum, en þar ber hins vegar ekkert á jármengun. Þetta stafar líklegast af því, að landið fyrir austan uppsprettuna er hallameira heldur en sunnar á sandinum og rennsli grunnvatnsins því örara.

Niðurstöður.

Neyzluhæft vatn er hægt að fá úr sandinum, en erfitt er að segja til um, hvar bora eigi til að losna við jármengun. Þar sem árangur af borun er svo tvísýnn, og gott vatn fæst úr uppsprettu á Skollatanga, ekki fjarri Hvolsvelli, virðist virkjun þar vænlegust til árangurs. Bezt væri að ná vatninu sem næst sandbakkanum. Þar þarf að hreinsa burtu gróður af

nokkru svæði, og taka síðan brunn. Líkur eru til, að vatn, sem næðist þannig beint úr jarðlögum, hefði minna magn af CO₂ og kalsítmettun því við hærra hitastig.

Æskilegt væri að fylgjast með rennsli úr uppsprettunni til þess að kanna, hvort rennslið minnkaði verulega eftir langa frostakafla. Þessar athuganir þyrfti að hefja strax og mæla vatnsmagn reglulega (t.d. 2 í máñ.) fram á sumar.

TAFLA 1

Styrkur í ppm

| | Uppspretta v. Skollatanga | Borhola v. frystihúsið á Hvolsvelli |
|--------------------------------|------------------------------|--|
| Hiti °C | 5.0 | 5.9 |
| pH/20 °C | 7.83 | 6.79 |
| Eðlisviðnám | 48.0 | 47.6 |
| SiO ₂ | 26.6 | 42.2 |
| Na ⁺ | 22.2 | 17.0 |
| K ⁺ | 2.4 | 1.7 |
| Ca ⁺⁺ | 17.1 | 16.4 |
| Mg ⁺⁺ | 11.8 | 9.9 |
| CO ₂ (tot) | 99.9 | 113.5 |
| HCO ₃ ⁻ | 134.7 | 123.0 |
| CO ₃ ⁻⁻ | 0.4 | 0.0 |
| SO ₄ ⁻⁻ | 9.5 | 14.8 |
| Cl ⁻ | 14.0 | 14.6 |
| F ⁻ | 0.2 | 0.2 |
| Uppl.efni | 166.0 | 164.0 |
| °C _{CaCO₃} | 35 | 104 |